

114. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson og Helga Jóhanna.

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 11. janúar 2010 kl. 14:30.

Þetta gerðist

1. Gjaldskrá flonunarkerkja FENÚR
Rætt um hækkunir á gjaldskrá. Stjórn samþykkir 35% flata hækkun gjaldskrá en með tilliti til tilboðs Logoflex er hægt að panta merkin án nokkurs lágmarks eða hámarks í pöntun. Tekið er tillit til fjölda á merkja sem passa á eina örk og ná þannig fram hagkvæni í verðum og nýtingu prentarka. Ragna fylgir málum eftir.
2. Aðalfundur FENÚR
Stefnt að því að halda aðalfund FENÚR 16. apríl. Rih skoðar stöðu aðila innan stjórnar, hvort einhver stjórnarsæti séu laus. Ársreikningar ræddir, vera með stöðu ársreikninga á næsta fundi. Félöggjöld rædd. Rih kemur með á næsta fund hvernig félagsgjöld eru skilgreind á stofnanir/fyrirtæki. Þema ráðstefnu rætt. Ýmislegt var rætt sem mögulegt þema, aðkoma úrgangsfraðleiðenda að FENÚR ráðstefnu – hvaða áherslur hafa þeir varðandi málaflokkinn, einnig var komið inn á hvað hafi þótt athyglivert á sameiginlegri ráðstefnu FUMÍ og FENÚR, skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu, tunnukerfi ofl. Lagt til að skoða aðalfundi/ráðstefnur s.l. áranna, er eitthvað þar sem má endurskoða-vekjja athygli á aftur.
Halda aðalfund í Kópavogi, nýja húsinu við Salinn. Rih kannar.
3. Fundur með umhverfisráðherra.
Ragna og Helga Jóhanna funduðu með ráðherra þann 18.11.2009. Styrkbeiðni til ráðherra send 5.1. 2010.
4. Næsti fundur 8. febrúar 2010 kl. 14.30

Fundi slitið kl. 15.45

Fundarritari: Ragna I Halldórsdóttir